

Gæðingalist

Skilgreiningar / fylgiskjöl / leiðarar



Febrúar 2023

Efnisyfirlit

Skilgreiningar á æfingum.....	3
Hliðargangsæfingar - skilgreiningar.....	3
Aðrar æfingar – skilgreiningar	4
Fylgiskjöl.....	7
Fylgiskjal 1 - Gátlisti til knapa í gæðingalist	8
Fylgiskjal 2 - Gátlisti til mótshaldara	9
Fylgiskjal 3 - Leiðarar.....	11
Gangtegundir	11
Æfingar	21
Fegurð í reið	22
Flæði, útfærsla og reiðmennska.....	23
Fylgiskjal 4 - Menntun dómara í gæðingalist	24

Skilgreiningar á æfingum

Hliðargangsaefingar - skilgreiningar

Opinn sniðgangur

Hesturinn gengur sveigður á þremur til fjórum sporum. Hann gengur beint fram að aftan en til hliðar að framan. Hesturinn heldur takti viðkomandi gangtegundar. Ef hesturinn er á fjórum sporum á að vera jafn breitt bil milli allra hófa (séð framan frá).

Framfótasnúningur

Hesturinn er beinn í skrokknum en stilltur í hnakka frá þeirri átt sem hann gengur í. Hann gengur í takti viðkomandi gangtegundar, með afturhlutann í hálfhring í kringum innri framfót. Innri framfótur gengur upp og niður á staðnum eða á litlum hring (30cm) en innri afturfótur krossar fram fyrir ytri, sem stígur fram.

Krossgangur

Hesturinn er beinn í skrokknum en stilltur í hnakka frá þeirri átt sem hann gengur í. Hann gengur í takti viðkomandi gangtegundar, jafn mikið fram og til hliðar. Innri framfótur og afturfótur krossa fram fyrir ytri, sem stíga fram.

Lokaður sniðgangur

Hesturinn gengur sveigður á þremur til fjórum sporum. Hann gengur í sömu átt og hann horfir. Hesturinn heldur takti viðkomandi gangtegundar. Ef hesturinn er á fjórum sporum á að vera jafn breitt bil milli allra hófa (séð framan frá). Lokaðan sniðgang má framkvæma á beinni leið og á hring.

Lokaður sniðgangur á skálínu

Hesturinn gengur jafnt fram og til hliðar á skálínu vallarins. Hann er sveigður í og horfir í sömu átt og hann gengur. Hesturinn krossar að framan og aftan. Innri fætur hestsins stíga fram. Framhluti hestsins skal vera örlítið á undan afturhluta. Á tölti er nóg að hesturinn stígi með ytri afturfót fram fyrir innri en krossi ekki þar sem tölt er sviflaus gangtegund og að krossa er þess vegna varla hægt.

Afturfótasnúningur á feti

Hesturinn gengur með framhlutann í hálfhring í kring um innri afturfót, sveigður í sömu átt og hann gengur. Innri afturfótur má ganga á 20 cm hring, en skal stíga fram og kreppast vel. Ytri afturfótur á að stíga fram fyrir innri afturfót án þess að krossa. Ytri framfótur krossar fram fyrir innri fót. Hesturinn heldur takti viðkomandi gangtegundar. Einnig má ríða heilan hring og telst það til hærra erfiðleikastigs. Stærri hringur gefur lægri einkunn.

Afturfótasnúningur á tölti/brokki/stökki

Hesturinn gengur með framhlutann í hálfhring í kring um innri afturfót, sveigður í sömu átt og hann gengur. Innri afturfótur má ganga á 1 metra hring, en skal stíga fram og kreppast vel. Ytri afturfótur á

að stíga fram fyrir innri afturfót án þess að krossa. Hesturinn heldur takti viðkomandi gangtegundar. Einnig má ríða heilan hring og telst það til hærra erfiðleikastigs. Stærri hringur gefur lægri einkunn.

Aðrar æfingar – skilgreiningar

Taumur gefinn fram á tölti

Hesturinn er á hægu til milliferðartölti. Knapinn losar greinilega um tauminn í a.m.k. 3 sek þrisvar sinnum. Taumurinn á að hanga eins og U, hesturinn heldur sama höfuðburði/formi. Taumsamband tekið mjúklega aftur. Ekki er alvarlegt ef hesturinn lengir yfirlínu ögn og hvelfir sig meira. Styttri tími en 3 sek. leiðir til lækkunar.

Slaktaumatölt

Hesturinn er á hægu til milliferðartölti. Knapinn losar greinilega allt taumsamband á miðri skammhlið og taumum skal haldið í einni hendi. Taumurinn á að hanga eins og U og hesturinn breytir formi og hraða lítið. Taumsamband tekið mjúklega aftur á miðri skammhlið. Æfingin er leyfð upp við vegg.

Taumur gefinn fram á stökki

Hesturinn er á hægu til milliferðarstökki. Knapinn losar greinilega um tauminn í a.m.k. 3 sek. þrisvar sinnum. Taumurinn á að hanga eins og U, hesturinn heldur sama höfuðburði/formi. Taumsamband tekið mjúklega aftur. Ekki er alvarlegt ef hesturinn lengir yfirlínu ögn og hvelfir sig meira. Styttri tími en 3 sek. leiðir til lækkunar.

Slöngulínur

Riðnir eru þrír til sex hálfir baugar og 0 – 10 m beint milli bauganna, eða þrír til sex 3/4 15m hringir án beinna kafla. Hesturinn sveigir sig greinilega eftir ferli baugsins og skiptir um hönd í jafnvægi. Á stökki mega bogarnir vera allt að 25 m. Mikilvægt er að allir bogar séu af sömu stærð og beinu kaflarnir jafn langir.

Riðið á áttu á tölti/brokki

Riðnir eru 6 -12 m baugar af jafnri stærð. Hesturinn sveigir sig greinilega eftir ferli baugsins og skiptir um hönd í jafnvægi. Skipta verður til beggja handa.

Riðið á baug/hring, sýna skal á báðar hendur á tölti/brokki/stökki/ytra stökki

Baugurinn er 6 – 12m í þvermál. Hringurinn er 13 - 25m í þvermál. Hringirnir/baugarnir eiga að vera jafn stórir á báðar hendur en þurfa ekki að vera á sama stað.

Stöðvun af feti/tölti/brokki/stökki/

Hesturinn stöðvar í burði og heldur forminu, stendur rólegur, við taum og jafnt í allar fætur.

Bakka

Hesturinn bakkar mjúklega með virkan afturhluta, í jafnvægi og uppbyggilegu formi. Hnakki er efsti punktur, nef fyrir framan lóðlínu, fellir lend. Lágmark þrjú skref.

Safnað brokk eða tölt á staðnum - Piaffe

Hesturinn er á hreinum gangi, hreyfir sig aðeins áfram safnaður og mjúkur. Hnakki er efsti punktur, nef fyrir framan lóðlínu, fellir lend. Lágmark 5 skref og hreyfir sig aðeins áfram.

Hægt, svipmikið, safnað brokk eða tölt - Passage

Hesturinn er á hreinum gangi, safnaður og mjúkur með hægum en léttum, svipmiklum hreyfingum og aukið fjaðurmagn. Hesturinn sýnir „cadence“ sem er að hann stoppar/hægir á hreyfingu í sviffasa fóta. Hnakki er efsti punktur, nef fyrir framan lóðlínu. Hesturinn gengur upp í herðar.

Stuttar hraðabreytingar á tölti, brokki eða stökki a.m.k. tvisvar

Hesturinn byrjar á hægu, eykur hraðann greinilega, hægir mjúklega, eykur hraða og hægir aftur. Reiðleið frjáls. Sýna þarf lágmark 5 m. hægt og 15 m. aukinn hraði.

Hraðabreyting á brokki/stökki

Greinileg hraðabreyting á skálínu eða beinni línu.

Hraðabreyting á tölti

Hraðabreyting á tölti skal framkvæmd frá miðri skammhlið í miðja skammhlið. Æfingin er leyfð upp við vegg.

Hestur gengur á hægu tölti, þegar hestur er orðinn beinn út úr beygju skal hann í það minnsta vera það sem nemur tveimur hestlengdum áfram á hægu tölti en þá er hraðinn greinilega aukinn. Knapi ræður vegalengd hraðabreytingarinnar. Löng hraðabreyting telst til hærra erfiðleikastigs. Í niðurhægingu skal hestur vera beinn í það minnsta tvær hestlengdir áður en hann kemur í beygjuna á sama hæga tölti og í byrjun æfingar.

Skeið

Þessi æfing er leyfð upp við vegg.

Hestur kemur í góðu jafnvægi á stökki og eykur síðan hraðann. Gangskipting yfir á skeið skal gerast á hraðanum sem hestur hefur náð eða í hröðun án þess að breyta formi mikið. Hestur skal vera orðinn beinn þegar hann er kominn á skeið. Hestur skeiðar langhlið af snerpu og öryggi. Hestur hægir mjúklega niður í jafnvægi.

Gangskiptingar fet-tölt/brokk-fet x3

Hesturinn fer af hreinu feti upp í hreint tölt/brokk, töltir a.m.k. 10 m og hægir aftur niður í fet. Fara má í gegnum safnað fet.

Einföld stökkskipting

Hestur á stökki, skipt á tölt/brokk/fet, tekur hámark eina hestlengd á tölti/brokki/feti, fer svo beint upp í hitt stökkið.

Fljúgandi stökkskipting

Hestur á stökki, skiptir hreint yfir á hitt stökkið (t.d. af hægra yfir á vinstra stökk).

Taumur gefinn á feti/tölti/brokki/stökki

Hesturinn er í taumsambandi á vinnuhraða, hann lengir hálsinn fram og niður í taumsambandi. Hesturinn heldur sama takti, er virkur og lengir skrefin. Neflína á að vera fyrir framan lóð og hnakki fyrir neðan herðar. Sýna þarf atriðið a.m.k. 10 sek. og á hesturinn að halda taumsambandi allan tímann.

Frjáls æfing

Knapi má skila inn lýsingu og/eða nafni á æfingu sem er ekki tekin fram í listanum. Æfingin á að sæma erfiðleikastiginu sem er verið að keppa í, þ.e.a.s. má ekki teljast auðveldari. Tilgangurinn er að stuðla að framförum og þróun og skal taka nýjungum með opnum hug. Knapi má sýna fleiri en eina frjálsa æfingu í verkefni sínu.

Umsókn um frjálsa æfingu í gæðingalist má skila inn til faghóps hvenær sem er ársins.

Hægt er að senda frjálsa æfingu beint á lh@lhhestar.is (Titill skal vera : berist til faghóps í gæðingalist) eða/og til mótshaldara sem kemur henni áfram til yfirdómara. Faghópur gerir í framhaldinu tillögu að lýsingu æfingar sem fer til dómara sem og vægi æfingarinnar. Æskilegt er að umsækjandi láti teikningu af æfingu fylgja með. Umsókn er nafnlaus. Yfirdómari móta skilar umsóknum um frjálsar æfingar um leið og skilafrestur rennur út og faghópur afgreiðir eins fljótt og kostur er. Ef tafir eru á því metur yfirdómari æfinguna sjálfur og færir í stílinn.

- Umsókn skal innihalda:
 - ítarlega lýsingu á æfingu og helst skal fylgja með teikning af æfingu.
 - stuttur rökstuðningur fyrir gildi/vægi æfingarinnar.
- Við mat á æfingu:
 - Miðað er við að vægi sé ekki hærra en gildismesta æfing sem frjálsa æfingin inniheldur. Þó gæti komið til undantekninga liggi fyrir afgerandi rökstuðningur þess efnis.
 - Höfundur æfingar má ekki meta hana sjálfur.
 - Sé sótt um æfingu sem tengist móti sem meðlimur faghópsins tekur þátt í má sá sami ekki koma að mati æfingarinnar.
 - Þar sem þurfa þykir skal faghópur lýsa lágmarkskröfum fyrir viðunandi einkunn (5,0) en einnig lýsingu á fullkominni æfingu (10).

Fylgiskjöl

- fylgiskjal 1: Gátlisti til knapa gæðingalistar LH
- fylgiskjal 2: Gátlisti fyrir mótshaldara
- fylgiskjal 3: Leiðarar
 - i) leiðari gangtegundir; tölt, fet, brokk, stökk, skeið
 - ii) leiðari æfingar
 - iii) leiðari fegurð í reið
 - iv) leiðari flæði, útfærsla og reiðmennska
- fylgiskjal 4: Menntun dómara í gæðingalist LH
- fylgiskjal 5: Exel skjöl fyrir dómara

Fylgiskjal 1 - Gátlisti til knapa í gæðingalist

Fyrir mót:

- æfingalista þarf að skila a.m.k. 48 klst. fyrir mót
- merkja við þær æfingar sem knapi ætlar sér að sýna og senda inn
- ef knapi ætlar að nýta sér að sýna frjálsa æfingu þarf að skilgreina hana og senda inn á sama tíma og aðrar æfingar keppni, yfirdómari getur hafnað æfingunni ef hún telst of létt fyrir viðkomandi stig
- senda inn tónlist með æfingalista

Í keppni:

- þegar riðið er í braut tilkynnir þulur að knapi hafi 30 sek. til að hefja sýningu
- knapi hefur sýningu með því að hneigja sig greinilega, þá hefst tónlistin
- þulur lætur vita þegar mínúta er eftir af tímanum, einnig þegar tímanum lýkur. Dómarar hætta að dæma um leið og tímanum lýkur. Ef knapi sýnir æfingar eftir að tímanum er lokið fær hann 0 fyrir þær
- knapi hneigir sig greinilega þegar hann lýkur verkefninu

Úrslit:

- mótshaldari ákveður hvort úrslit verða riðin
- knapi hefur möguleika á að breyta æfingalista fyrir úrslitin og skal skila nýjum æfingalista til mótshaldara eins fljótt og auðið er eftir að ljóst er að knapi hafi komist í úrslit
- gefa skal a.m.k. 15 mínútna hlé fyrir úrslit

Fylgiskjal 2 - Gátlisti til mótshaldara

Þegar mót er auglýst þarfa að:

- tilgreina erfiðleikastig
- tilgreina hámarkstíma sýningar í samræmi við stærð reiðsvæðis
- vísa á tengla um reglur í gæðingalist og gögn til knapa
- tilgreina skráningarfrest, skilafrest æfingalista og hvert á að skila
- yfirfara æfingalistana sem knapar skila inn og athuga hvort rétt sé valið
- athuga hvort einhver er með frjálsa æfingu og senda á yfirdómara til að samþykkja æfinguna

Fyrir mótið þarf að:

- setja sig í samband við tölvuhóp gæðingalistar. Vanti upplýsingar er hægt að senda tölvupóst á lh@lhhestar.is
- Tölvuhópur getur aðstoðað við að gera excel-dómblað fyrir hvern knapa. Ef tölur eiga að birtast áhorfendum jafnóðum á skjá eða með link (mælum með því) skal aukaritarinn sjá um að setja tölur þar inn
- ákveða hvort úrslit verði riðin (ef knapar eru færri en 20) og tilkynna

Á mótssvæðinu þarf að:

- setja upp dómaborð með tölvum og tryggja nettengingu og gögn, tvær tölvur á dómara sé þetta sett jafnóðum á skjá eða með link (mælt með)
- gefa knöpum tíma til að venja hesta við dómaborðin

Þulur þarf að:

- bjóða hvern knapa velkominn og tilgreina þegar hann hefur 30 sek. til að hefja sýningu
- láta vita þegar mínúta er eftir af tímanum og þegar tímanum er lokið
- lesa upp aðaleinkunn þegar hún er komin frá dómurum
- kynna í hvaða sæti knapinn sem er að klára sýningu er í, hver leiðir og með hvaða einkunn

Fyrir úrslit þarf að:

- draga um nýja rásröð inn í úrslit eða hafa öfuga röð, þ.e.a.s. lægsta einkunn inn í úrslit sýnir fyrst
- taka á móti nýjum æfingalista frá knöpum sem velja að breyta sínum æfingalista og setja upp ný dómböð í excel með tilliti til nýja æfingalistans. Listinn þarf að skila sér til mótshaldara eigi síðar en 15 mínútum fyrir úrslit
- gefa a.m.k. 15 mínútna hlé fyrir úrslit

Ef tölur eru birtar jafnóðum (í beinni) :

Dómblað sem varpað er upp á skjá, eða skjalið er opið öllum sem hafa link og geta fylgst þannig með á síma/tölvu. Það getur verið mjög upplýsandi, fræðandi, áhugavert og skemmtilegt að fylgjast með gangi mála jafnóðum og gerir keppnina meira spennandi.

Dómblað er lifandi plagg þar til staðfest hefur verið lokaeinkunn frá dómara og getur skjalið þar af leiðandi breyst þangað til (innsláttarvilla ritara, endurmat dómara, parið endurtekur atriði o.s.frv.).

Fylgiskjal 3 - Leiðarar

Gangtegundir

Tölt	Slök sýning		Sýning í tæpu meðallagi			Sýning í rúmu meðallagi			Góð sýning		Frábær sýning									
	0	0,5	1	1,5	2	2,5	3	3,5	4	4,5	5	5,5	6	6,5	7	7,5	8	8,5	9	9,5
Reiðfærni/ Samband	Gróf reiðmennska (gult spjald), mjög slök reiðfærni, alvarleg ósamvinnuþýðni, mjög slæmt samband.		Greinileg mistök í reiðmennsku. Vandamál varðandi samband. <i>Alvarleiki ágalla skal koma fram í einkunn</i>			Reiðmennska yfirleitt góð. Hestur sáttur og hlýðir ábendingum knapa öllu jafna.			Frábært samspil knapa og hests. Mjög gott samband. Úrvals reiðfærni.											
Taktur / Jafnvægi	Mjög slæmur taktur, tapar gangtegund margsinnis, mjög ójöfn skref.			Takt- og jafnvægisvandamál			Viðunandi taktur, stöku jafnvægisvandamál.			Góður taktur og hrynjandi, gott jafnvægi, jöfn skreflengd. Öruggur, heldur gangi.										
Mýkt / Slökun	Mjög mikill stirðleiki eða spenna			Stirðleiki eða spenna Heftar hreyfingar			Hestur yfirleitt nokkuð mjúkur/slakur			Mikil mýkt, fjöðrun Óheftar hreyfingar										
Form / Hreyfingar	Mjög alvarlegir formgallar, mjög stutt og tíð skref, mikið kraftleysi, mjög lítil virkni í afturhluta.			Tíð skref, lítill fótaborður, greinilegir formgallar, skortir kraft.			Stöku formgallar, hreyfingar og rými í meðallagi.			Form án teljandi ágalla, rúmar og háar hreyfingar, kraftur, spyrna, góður burður í baki og góð virkni í afturhluta með greinilegan stöðutíma afturfóta, hestur gengur vel upp í herðar, léttur og frjáls að framan, sjálfbærandi.										

Hraðabreyting á tölti sem æfing

Hraðabreyting	Einkunn 0 - 3.	Einkunn 3 - 5.	Einkunn 5 – 7,5	Einkunn 7,5 - 10
Útfærsla	Grófar ábendingar Stífni Of lítill hraðamunur Gangtegund sýnd minna en helming vegalengdar	Eykur hraða of snemma Ekki kominn á hægt tölt fyrir beygju	Beinn þegar hraðinn eykst og í niðurhægingu Góður hraði, þ.e. hægt og hratt Lengdarjafnvægi gott	Stuttur kafli notaður í aukningu og hægingu Lítt sýnilegar ábendingar Söfnun á hægu tölti Lengdarjafnvægi frábært Löng hraðabreyting

Hesturinn fer á hreinum fjórtakti sem flæðir í gegnum líkamann í jöfnum hrynjanda. Yfirlínan er hvelfd og spennulaus og bakið virkt.

Hægt tölt

Hesturinn kreppir lend og afturfætur bera þyngd í lengri tíma en framfætur. Hesturinn gengur upp í herðar, hreyfingar framhluta eru léttar og frjálssar. Hesturinn hreyfir sig í jafnvægi, með sterkt, fjaðrandi bak, virkan afturhluta, mjúkur og með góðu gegnumflæði.

Milliferð

Á milliferðartölti á hesturinn að lengja skrefin og auka skreftíðni. Hann teygir hálsinn lengra fram og kverkin verður opnari en á hægu tölti en hesturinn heldur samt sem áður formi. Hesturinn hreyfir sig í jafnvægi, með sterkt, fjaðrandi bak, virkan afturhluta, mjúkur og með góðu gegnumflæði.

Greitt tölt

Á greiðu tölti á hesturinn að lengja skrefin og auka skreftíðni. Hann teygir hálsinn lengra fram og kverkin verður opnari en á hægu og milliferðar tölti en hesturinn heldur samt sem áður burði. Hesturinn hreyfir sig í jafnvægi, með sterkt, fjaðrandi bak, virkan afturhluta, mjúkur og með góðu gegnumflæði.

Fet	Slök sýning		Sýning í tæpu meðallagi			Sýning í rúmu meðallagi			Góð sýning		Frábær sýning									
	0	0,5	1	1,5	2	2,5	3	3,5	4	4,5	5	5,5	6	6,5	7	7,5	8	8,5	9	9,5
Reiðfærni/ Samband	Gróf reiðmennska (gult spjald), mjög slök reiðfærni, alvarleg ósamvinnuþýðni, mjög slæmt samband		Greinileg mistök í reiðmennsku Vandamál varðandi samband <i>Alvarleiki ágalla skal koma fram í einkunn</i>						Reiðmennska yfirleitt góð Hestur sáttur og hlýðir ábendingum knapa öllu jafna			Frábært samspil knapa og hests Mjög gott samband Úrvals reiðfærni								
Taktur / Jafnvægi	Mjög slæmur taktur, tapar gangtegund margsinnis, mjög ójöfn skref, taumhelti				Takt- og jafnvægisvandamál			Viðunandi taktur, stöku jafnvægisvandamál		Góður taktur og hrynjandi, gott jafnvægi, jöfn skreflengd. Öruggur, heldur gangi										
Mýkt / Slökun	Mjög mikill stirðleiki eða spennu				Stirðleiki eða spennu Heftar hreyfingar				Hestur yfirleitt nokkuð mjúkur / slakur, gengur vel í gegnum sig			Mikil mýkt, fjöðrun Óheftar hreyfingar								
Form / Hreyfingar	Mjög alvarlegir formgallar, mjög stutt og tíð skref, mikið kraftleysi, mjög lítil virkni í afturhluta				Tíð skref, lítill fótaborður, greinilegir formgallar, skortir kraft			Stöku formgallar, hreyfingar og rými í meðallagi			Form án teljandi ágalla, rúmar og háar hreyfingar, kraftur, spyrna, góður burður í baki og góð virkni í afturhluta, sjálfberandi.									
																		Mikið fas		

Til hækkunar um 1 við gæði fetsins kemur til greina ef hesturinn sýnir hæfileika og öryggi í mismunandi fetútfærslum og æfingum.

Hægt fet

Hesturinn gengur með rólegum frekar stuttum skrefum í hreinum fjórtakti, stígur með afturfætur í eða aðeins fyrir aftan framfótaskref.

Safnað fet

Bætist við einkenni söfnunar. Ekki er ætlast til að hesturinn stígi í framfótasporið en gengur samt með virkan afturhluta.

Meðal fet

Hesturinn gengur með rólegum skrefum hreinan fjórtakt og stígur í eða aðeins fram fyrir framfótasporið. Hreyfing baksins skilar sér fram í gegnum háls hestsins.

Langt fet

Hesturinn gengur með röskum löngum skrefum í hreinan fjórtakt, afturfótaskrefið stígur vel fram fyrir framfótaskrefið. Hreyfing baksins skilar sér fram í gegnum háls hestsins.

Brokk	Slök sýning		Sýning í tæpu meðallagi			Sýning í rúmu meðallagi			Góð sýning		Frábær sýning									
	0	0,5	1	1,5	2	2,5	3	3,5	4	4,5	5	5,5	6	6,5	7	7,5	8	8,5	9	9,5
Reiðfærni/ Samband	Gróf reiðmennska (gult spjald), mjög slök reiðfærni, alvarleg ósamvinnuþýðni, mjög slæmt samband		Greinileg mistök í reiðmennsku Vandamál varðandi samband <i>Alvarleiki ágalla skal koma fram í einkunn</i>			Reiðmennska yfirleitt góð Hestur sáttur og hlýðir ábendingum knapa öllu jafna			Frábært samspil knapa og hests Mjög gott samband Úrvals reiðfærni											
Taktur / Jafnvægi	Mjög slæmur taktur, mjög lítið svif, tapar gangtegund margsinnis, mjög ójöfn skref		Takt- og jafnvægisvandamál Greinilegt svif			Viðunandi taktur, stöku jafnvægisvandamál			Góður taktur og hrynjandi, gott jafnvægi, jöfn skreflengd, gott svif. Öruggur, heldur gangi.											
Mýkt / Slökun	Mjög mikill stirðleiki eða spennan		Stirðleiki eða spennan Heftar hreyfingar			Hestur yfirleitt nokkuð mjúkur/slakur			Mikil mýkt, fjöðrun Óheftar hreyfingar											
Form / Hreyfingar	Mjög alvarlegir formgallar, mjög stutt og tíð skref, mikið kraftleysi, mjög lítil virkni í afturhluta		Tíð skref, lítill fótburður, greinilegir formgallar, skortir kraft			Stöku formgallar, hreyfingar og rými í meðallagi			Form án teljandi ágalla, rúmar og háar hreyfingar, kraftur, spyrna, góður burður í baki og góð virkni í afturhluta											
									Mikið fas											

Hægt brokk

Leitast er eftir hreinum takti og góðum burði í baki. Afturfætur ganga inn undir hestinn og taka burð, skrefin eru ekki löng og ekki er ætlast til mikils svifs en frekar fjaðurmagns.

Safnað hægt brokk

Bætast við einkenni söfnunnar. Lækkar lend, lyftir miðju baksins og gengur upp í herðar, lyftir hálsrótinni, hnakki er efsti punktur og nef fyrir framan lóðlínu.

Meðalbrokk

Hreinn taktur og burður í baki, hesturinn lengir skref og spyrnir meira sem gerir svifið lengra. Form aðeins lengra en á hægu brokki. Spyrna, skreflengd og langt svif gerir það að verkum að hesturinn eykur hraðann.

Fjaðurmagn: Tignarlegar hreyfingar, kreppir liðamót betur, spyrnir sér meira upp.

Burður/lengdarjafnvægi: Hesturinn gengur meira eins og upp brekku. Lengdarjafnvægi jákvætt.

Langt brokk

Hesturinn heldur sama forminu en lengir fyrst og fremst skrefin og svif en skreftíðni eykst aðeins.

Aukið brokk

Kemur úr söfnuðu brokki. Hesturinn heldur u.þ.b. sömu streftíðni og lengdarjafnvægi/burði og formi eins og á hægara brokkinu (opnast og lækkar aðeins), en eykur skreflengd verulega, skreftíðni lítil. Getur aftur komið inn í safnaðra brokk með sama lengdarjafnvægi/burði. Fjaðurmagn og kraftur til staðar.

Yfirferðarbrokk

Hesturinn eykur skreflengd, svif og skreftíðni, lengir yfirlínu, stinnir bakið svo krafturinn og spyrnan í hestinum skilar sér fram í hraða. Heldur góðu lengdarjafnvægi. Smá fjórtaktur eðlilegur við þennan hraða. Ásetugott.

Stökk	Slök sýning			Sýning í tæpu meðallagi			Sýning í rúmu meðallagi			Góð sýning			Frábær sýning							
	0	0,5	1	1,5	2	2,5	3	3,5	4	4,5	5	5,5	6	6,5	7	7,5	8	8,5	9	9,5
Reiðfærni/ Samband	Gróf reiðmennska (gult spjald), mjög slök reiðfærni, alvarleg ósamvinnuþýðni, mjög slæmt samband			Greinileg mistök í reiðmennsku Vandamál varðandi samband <i>Alvarleiki ágalla skal koma fram í einkunn</i>			Reiðmennska yfirleitt góð Hestur sáttur og hlýðir ábendingum knapa öllu jafna			Frábært samspil knapa og hests Mjög gott samband Úrvals reiðfærni										
Taktur / Jafnvægi	Mjög slæmur taktur, mjög lítið svif, tapar gangtegund margsinnis, mjög ójöfn skref			Takt- og jafnvægisvandamál Greinilegt svif			Viðunandi taktur, stöku jafnvægisvandamál			Góður taktur og hrynjandi, gott jafnvægi, jöfn skreflengd, gott svif. Öruggur, heldur gangi										
Mýkt / Slökun	Mjög mikill stirðleiki eða spenna			Stirðleiki eða spenna Heftar hreyfingar			Hestur yfirleitt nokkuð mjúkur/slakur			Mikil mýkt, fjöðrun Óheftar hreyfingar										
Form / Hreyfingar	Mjög alvarlegir formgallar, mjög stutt og tíð skref, mikið kraftleysi, mjög lítil virkni í afturhluta, mjög frambungt			Tíð skref, lítill fótaborður, greinilegir formgallar, skortir kraft			Stöku formgallar, hreyfingar og rými í meðallagi			Form án teljandi ágalla, rúmar og háar hreyfingar, kraftur, spyrna, góður burður í baki og góð virkni í afturhluta, mjög uppávið										
										Mikið fas										

Hægt stökk

Leitast er eftir hreinum takti og góðum burð í baki. Afturfætur ganga inn undir hestinn og taka burð, skrefin eru ekki löng og ekki er ætlast til mikils svifs, frekar fjaðurmagns. (Spyrna, skreflengd og langt svif gerir að hesturinn eykur hraðann þ.a.l. ekki lengur hægt).

Safnað hægt stökk: Þá bætast við einkenni söfnunnar. Lækkar lend, lyftir miðju baksins og gengur upp í herðar, lyftir hálsrótinni hnakki er efsti punktur og nef fyrir framan lóðlínu. Hálfsvif að framan verður hærra og greinilegra. Mikið safnað stökk getur leitt af sér smá jákvæðan fjórtakt (ecco) þ.e. DAP<50%.

Meðalstökk

Hreinn taktur og burður í baki, hesturinn tekur lengri skref og spyrnir meira sem gerir svifið lengra. Form aðeins lengra en á hægu stökki.

Fjaðurmagn: Tignarlegri hreyfingar, kreppir liðamót betur, spyrnir sér meira upp.

Burður/Lengdarjafnvægi: Hesturinn gengur meira eins og upp brekku. Lengdarjafnvægi jákvætt.

Langt stökk

Hesturinn heldur sama formi en lengir fyrst og fremst skrefin og svifið en skreftíðni eykst einnig aðeins.

Aukið stökk

Kemur úr söfnuðu stökki: Hesturinn heldur u.þ.b. sömu streftíðni og lengdarjafnvægi/burði og formi eins og á hægara stökki (opnast og lækkar aðeins), en eykur skreflengd og svif verulega, skreftíðni lítið. Getur aftur komið inn í safnaðra stökk með sama lengdarjafnvægi/burði. Fjaðurmagn og kraftur til staðar.

Hleypt á stökki

Hesturinn eykur skreflengd og skreftíðni, lengir yfirlínu, teygir sig vel fram, virðist stökkva í bogum. Krafturinn og spyrnan í hestinum skilar sér fram í hraða. Heldur góðu lengdarjafnvægi. Ásetugott. Auðvelt að skipta í yfirferðargang (tölt, brokk eða skeið).

Skeið

	Slök sýning	Sýning í tæpu meðallagi			Sýning í rúmu meðallagi			Góð sýning	Frábær Sýning												
	0	0,5	1	1,5	2	2,5	3	3,5	4	4,5	5	5,5	6	6,5	7	7,5	8	8,5	9	9,5	10
Reiðfærni/ Samband	Gróf reiðmennska (gult spjald), mjög slök reiðfærni, alvarleg ósamvinnuþýðni, mjög slæmt samband		Greinileg mistök í reiðmennsku Vandamál varðandi samband <i>Alvarleiki ágalla skal koma fram í einkunn</i>						Reiðmennska yfirleitt góð Hestur sáttur og hlýðir ábendingum knapa öllu jafna				Frábært samspil knapa og hests Mjög gott samband Úrvals reiðfærni								
Taktur / Jafnvægi	Mjög slæmur taktur, mjög lítið svif, mjög ójöfn skref				Takt- og jafnvægisvandamál Greinilegt svif			Viðunandi taktur, stöku jafnvægisvandamál		Góður taktur og hrynjandi, gott jafnvægi, jöfn skreflengd, gott svif											
Mýkt / Slökun	Mjög mikill stirðleiki eða spenna				Stirðleiki eða spenna Heftar hreyfingar				Hestur yfirleitt nokkuð mjúkur/slakur				Mikil mýkt, fjöðrun Óheftar hreyfingar								
Form / Hreyfingar	Mjög alvarlegir formgallar, mjög stutt og tíð skref, mikið kraftleysi, mjög lítil virkni í afturhluta				Tíð skref, lítill fótaborður, greinilegir formgallar, skortir kraft			Stöku formgallar, hreyfingar og rými í meðallagi		Form án teljandi ágalla, rúmar og háar hreyfingar, kraftur, spyrna, góður burður í baki og góð virkni í afturhluta											
																		Mikið fas			
Útfærsla	Mjög hægt												Mjúkar gangskiptingar á réttum stöðum Góð ferð								

Skeið sem æfing

<i>Skeið sem æfing</i>	Einkunn 0 - 5	Einkunn 5 – 7,5	Einkunn 7,5 - 10
Útfærsla	Mjög hægt Of stutt vegalengd Grófar ábendingar Ekkert stökk	Mjúkar gangskiptingar á réttum stöðum Viðunandi hraði Viðunandi gangskiptingar Niðurhæging átakalaus Lengdarjafnvægi viðunandi	Jafnvægisgott stökk Heldur hraða og formi í niðurtöku Snerpa Skeiðsnið frábært Niðurhæging átakalaus og jafnvægisgóð Lengdarjafnvægi frábært Lítt sýnilegar ábendingar

Skeið er eingöngu riðið hratt.

Hestur skal lagður á skeið af stökki.

Þegar hestur er lagður til skeiðs er æskilegt að hann minnki ekki hraðann í gangskiptingunni.

Æfingar

	Slök sýning					Sýning í tæpu meðallagi					Sýning í rúmu meðallagi					Góð sýning					Frábær sýning				
	0	0,5	1	1,5	2	2,5	3	3,5	4	4,5	5	5,5	6	6,5	7	7,5	8	8,5	9	9,5	10				
Hliðargangs-æfingar	Mótmæli Spenna Stirðleiki	Vond gangtegund/ líkamsbeiting Vont lengdarjafnvægi (frambungur) Of stutt sýnt/úr og í æfing	Rétt snið og reiðleið Hreinn taktur Rétt sveigja Gangtegund góð	Lipurð Virkar vel Sveigjanleiki Gangtegund mjög góð	Léttleiki Söfnun Fjaðurmagn Gangtegund frábær Mikið öryggi																				
Riðið á sveigðu spori	Mótmæli Spenna Stirðleiki	Vond gangtegund/ líkamsbeiting Vont lengdarjafnvægi (frambungur) Ónákvæm reiðleið	Samspora Hliðarjafnvægi Rétt sveigja Gangtegund góð	Hreinn taktur Virkar vel Sveigjanleiki Gangtegund mjög góð	Léttleiki Fjaðurmagn Söfnun/ burður Gangtegund frábær																				
Taumur gefinn	Spenna Óþjálni Lækkar ekki nóg Of stutt sýnt	Vond gangtegund/líkamsbeiting Vont lengdarjafnvægi (frambungur)	Heldur takti Lengir hálsinn Lækkar reisingu	Taumsamband Hnacki niður fyrir herðar Nef í/fyrir framan lóðlínu	Léttleiki Heldur gæði gangtegundar Breytir ekki takt / hrynjanda																				
Taumur gefinn fram / slaktaumatölt sem æfing	Spenna Óþjálni Fer af gangtegund Of stutt/lítið sýnt	Vond gangtegund / líkamsbeiting Vont lengdarjafnvægi (frambungur) Breytir formi snöggt	Heldur gangtegund Jafn hraði Greinilegt los	Breytir ekki takt / hrynjanda Form breytist lítið þegar losað er og aftur tekið samband Lipurð	Heldur reisingu og formi þegar losað er og aftur tekið samband Heldur gæðum gangtegundar Söfnun Fjaðurmagn																				

Fegurð í reið

	Slök sýning		Sýning í tæpu meðallagi					Sýning í rúmu meðallagi			Góð sýning		Frábær sýning							
	0	0,5	1	1,5	2	2,5	3	3,5	4	4,5	5	5,5	6	6,5	7	7,5	8	8,5	9	9,5
Form	Hesturinn mótmælir stöðugt Afleitar gangtegundir, stórgölluð sýning		Líkamsbeiting slæm					Hesturinn kemur nokkuð vel fyrir Form og líkamsbeiting ásættanleg.			Gengur almennt í góðri líkamsbeitingu		Hesturinn glæsilegur, með fallega borinn háls, Teygir á sér þegar við á.							
Hreyfingar	Mjög jarðbundinn Lággengur		Jarðbundinn Þungstígur Stuttstígur Hreyfingum ábótavant. Ójafn taktur					Nokkuð gott fjaðurmagn Góðar hreyfingar			Gott fjaðurmagn Háar, fallegar hreyfingar. Samræmi í hreyfingum		Mikið fjaðurmagn Háar, glæsilegar hreyfingar Hrynjandi í hreyfingum							
Jafnvægi	Mjög frambungur og jafnvægislítil Mikil skekkja		Hesturinn ekki í góðu jafnvægi — frambungur Skakkur					Jafnvægi viðunandi Lækkar lend í niðurhægingum. Hliðarjafnvægi oftast gott			Gengur upp í herðar. Lengdar og hliðarjafnvægi gott		Lækkar lend Lengdar og hliðarjafnvægi frábært.							
Fas og fegurð	Fas og fegurð ekki fyrir hendi. Mjög ósáttur hestur Mikill taglsláttur		Skortir á fas og fegurð áberandi taglsláttur. Greinilegt ósætti Samspil knapa og hests ábótavant.					Viðunandi framkoma Sáttur hestur en skortir glæsileika			Höfuðburður fallegur Hrynjandi í taglhreyfingu		Mikið fas Höfuðburður glæsilegur, Tagl fallega borið Enginn taglsláttur. Gleði							
Mýkt / Sveigjanleiki	Mjög mikill stírðleiki eða spenna. Hesturinn tapar ítrekað gangtegund		Sýnir stífni Sveigjanleika ábótavant Hesturinn óþjáll					Sveigjanleiki viðunandi. Hestur yfirleitt mjúkur/slakur Stöku takt og jafnvægisvandamál.			Hesturinn gengur vel í gegnum sig Sveigjanlegur til beggja handa		Dillandi mjúkur Sveigjanleiki frábær Þjálmi							

**Flæði,
útfærsla og
reiðmennska**

Slök
Sýning

Sýning í
tæpu meðallagi

Sýning í
rúmu meðallagi

Góð
sýning

Frábær
sýning

0 0,5 1 1,5 2 2,5 3 3,5 4 4,5 5 5,5 6 6,5 7 7,5 8 8,5 9 9,5 10

Flæði	Órókrétt uppbygging sýningar	Uppbygging sýningar áþótavant	Nokkuð rókrétt uppbygging	Rókrétt en krefjandi uppbygging Réttur undirbúningur fyrir æfingarnar	Flæði frábært Verkefni mjög hnitmiðað
	Gangskiptingar taka mjög langan tíma	Hestur slitnar ítrekað í sundur í gangskiptingum	Gangskiptingar með viðunandi jafnvægi og form	Gangskiptingar með góðan burð, gott jafnvægi og form	Öruggar, fumlaugar, gangskiptingar, hesturinn strax góður á næstu gangtegund.
Erfiðleiki	Óþarflega einfaldar eða of erfiðar æfingar fyrir hest og knapa.		Viðunandi æfingar miðað við færni hests og knapa	Hvert atriði eðlilegt framhald af fyrra og / eða góður undirbúningur fyrir næsta	Æfingar og útfærslur á mjög háu erfiðleikastigi. Parið ræður við verkefnið. Frumlegt.
	Æfingarnar hafa slæm áhrif á hestinn		Æfingarnar hafa að mestu leiti góð áhrif á hestinn		Æfingarnar hafa góð áhrif á hestinn
Fjölbreytni	Vantar fjölbreytni í æfingum og gangtegundum. T.d. riðið bara hægt eða bara hratt		Reynir á nokkuð fjölbreytta þætti þjálfunar og reiðmennsku	Mikil fjölbreytni í æfingum, reiðleiðum og útfærslum á gangtegundum	Frumlegt Reynir á öll stig þjálfunarstigans
Reiðmennska	Gróf eða aðgerðarlaus reiðmennska Truflar hestinn greinilega		Ábendingar í samræmi við verkefnið og hestinn	Léttleikandi reiðmennska. Lítt sýnilegar ábendingar	Áræðni Dirfska Tillitssemi

Fylgiskjal 4 - Menntun dómara í gæðingalist

Markmiðið er að hafa faglega sterkan dómarahóp fyrir gæðingalist og geta fylgt eftir menntun og þróun þeirra.

Dómarar á meðan keppnisgreinin er til reynslu

Í upphafi keppnistímabilsins velur starfshópur LH um gæðingalist hóp af dómurum til þess að dæma gæðingalist.

Dómari í gæðingalist skal að minnsta kosti uppfylla eitt skilyrði:

- vera íþrótta- og/eða gæðingadómari með knapamerkjadómarapróf og/eða reiðkennararéttindi
- hafa dæmt gæðingafimi reglulega á tímabilinu 2000-2020
- hafa viðeigandi menntun og reynslu til að geta dæmt bæði æfingar og gangteygundir

Hópnum er boðið á stutt námskeið. Þar er m.a. farið yfir reglur, leiðara, skilgreiningar og dómblöð. Einnig eru skoðuð myndbönd með æfingum. Námskeiðið fer fyrst og fremst fram í gegnum umræður, þar sem þetta eru nú þegar reyndir dómarar á þessu sviði.

Framtíðarsýn um réttindi dómara í gæðingalist

Hugmyndin er að hafa sérstakt dómarnámskeið í gæðingalist og próf og einungis þeir sem standist það próf hafi réttindi til þess að dæma gæðingalist. Einnig þurfi að viðhalda þessum réttindum eins og öðrum dómarréttindum. Horft er til þess að dómari sé jafnhæfur til þess að dæma gangteygundir og æfingar. Gerðar eru ákveðnar forkröfur fyrir dómarnámskeiðið í gæðingalist og það er svo mismunandi hvað viðkomandi þarf að bæta við sína þekkingu.

Forkröfur gæðingalistardómara :

- reiðkennararéttindi (FEIF level 3) og/eða knapamerkjadómararéttindi
- íþrótta- og/eða gæðingadómararéttindi

Mismunandi leiðir eftir menntunarstigi og réttindum

Þeir sem hafa **BS í reiðmennsku og reiðkennslu** hafa m.a. lokið námskeiðunum:

- *Hestadómar* þar sem er fjallað um reglur og leiðara íþrótta-, gæðinga- sem og kynbótadóma. Nemendur fá einnig töluverða æfingu í að dæma. Það eru álíka margar kennslustundir bak við þetta eins og dómaramenntun HÍDÍ og GDLH. Nemendur sem hefja nám 2019 hafa fengið þessa kennslu í *Þjálfun keppnishesta II* og *Kynbótadómar*
- *Kennslufræði V* þar sem nemendur fá æfingu í að dæma öll stig knapamerkjanna og taka knapamerkjadómarapróf. Að dæma knapamerki snýst að mestu leyti um að meta gangteygundir, æfingar, reiðleiðir og reiðmennsku

- *Reiðmennska I-II, Þjálfun I-II, Þjálfun keppnishesta I-II* þar sem nemendur taka próf í að skilgreina og ríða æfingar og gangtegundir, ásamt því að meta og lýsa líkamsbeitingu, og skilja og nota hugtök reiðmennskunnar sem koma fram í leiðara.

Til að verða dómari í gæðingalist þurfa þeir sem hafa reiðkennaramenntun að setja sig inn í gæðingalistarleiðara og æfa sig í að nota hann. Tillaga um undirbúning: ritarastörf, lágmark 10 klukkustundir íþróttakeppni, 10 klukkustundir gæðingakeppni, tvö gæðingalistarmót og námskeið.

Þeir sem hafa **Íþróttá- og/eða gæðingadómararéttindi**

Til að verða dómari í gæðingalist þurfa íþróttá og/eða gæðingadómarar að bæta við sig:

- bóklegu prófi í líkamsbeitingu reiðhestsins, hugtakanotkun reiðmennskunnar sem og skilgreiningum á æfingum og reiðleiðum (hægt væri að leggja til grundvallar knapamerkjapróf á 5. stigi en aukalega þarf að skilgreina æfingar sem er ekki fjallað um þar)
- verklegu prófi (skoða myndbönd) í að þekkja, meta og lýsa reiðleiðum og æfingum, reiðmennsku og líkamsbeitingu hestsins
- rita á a.m.k. tveimur gæðingalistarmótum